

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðmundar Péturs- 19
sonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. febrúar 1957. 7. febr.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Guðmundar Péturssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Guðmundar Péturssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Kaupfélagi Strandamanna, Norðurfirði, á aðalfundi félagsins árið 1953, í tilefni af aldar afmæli Guðmundar Péturssonar, bónda í Ófeigsfirði, en hann var fæddur 6. jan. 1853. Guðmundur var fyrsti kaupfélagsstjóri félagsins og einn af aðalstofnendum þess.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur —. Sjóðurinn skal ávaxt-
aður í innlánsdeild Kaupfélags Strandamanna, verði hún, af einhverjum ástæðum,
lögð niður, skal innstæða sjóðsins færð í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Tekjur
sjóðsins eru, auk tilfallandi vaxta, gjafir og áheiti, sem honum kunna að áskotnast.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalítla frumbýlinga, sem hefja búskap í Árnes-
hreppi og einnig aðra fátæka bændur í hreppnum, ef þeir verða fyrir tjóni á búfénaði
sínunum, eða öðrum fjárhagslegum áföllum, enda sé ekki vítaværðu hirðuleysi eða
fóðurskortu um að kenna, að álitu sjóðstjórnarinnar.

5. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af þriggja manna nefnd og skipa hana: Formaður stjórnar
Kaupfélags Strandamanna, einn maður kosinn til þriggja ára af aðalfundi Kaup-
félagsins og annar kosinn af hreppsnefnd Árneshrepps eftir hverjar hreppsnefndar-
kosningar og skal kjörtímabil hans vera sama og hreppsnefndarmanna. Stjórn sjóðs-
ins skal halda gerðabók og skal rita í hana skipulagsskrá þessa, fundargerðir, árs-
reikninga sjóðsins, umsóknir um styrki, og skrá um úthlutanir úr sjóðnum. Reikn-
ingar sjóðsins skulu endurskoðaðir með reikningum Kaupfélags Strandamanna.

6. gr.

Vexti og annað, er sjóðnum kann að áskotnast, skal leggja við höfuðstólinn, þar
til hann er orðinn að upphæð kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —. Eftir það má út-
hluta úr sjóðnum fimmta hvert ár, sem svarar hálfum vöxtum yfir það tímabil.
Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 20000.00 — tuttugu þúsund krónur —, má úthluta á
sama hátt $\frac{3}{4}$ vaxtanna þriðja hvert ár. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 100000.00 —
hundrað þúsund krónur —, má árlega úthluta $\frac{7}{8}$ vaxtanna. $\frac{1}{8}$ vaxtanna skal ávallt
leggja við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.